

Vegna anna hefur mjög lítið verið skrifað um myndlist í blaðið, undirritaður hefur verið í öðru.

Skal nú reynt að klóra yfir, og farið a.m.k. örfáum orðum um það markverðasta, sem á dagana hefur drifið.

Sigurður Guðmundsson

Sigurður Guðmundsson, myndlistarmaður sýndi í Gallerí Súm á dögunum. Hann er meðal stofnenda, eða fyrstu Súmaranna, en hefur undanfarnin ár verið búsettur í Hollandi, ásamt bróður sínum, Kristjáni. Þeir bræður hafa búið með fjölskyldum sínum í Hollandi í nær sex ár og vegnar mjög vel, eru meðteknir sem „hollenzkir“ listamenn.

Sýning Sigurðar var frábrugðin því sem við eigum að venjast og þess viljum við mega vænta að sjá eitthvað nýtt þegar maður hefur klifrað upp lasnar tröppurnar í Gallerí Súm. Viljum þá helst ganga í tilraunastofu, en ekki venjulegan listasal.

Sigurður fer þá leið, að láta ljósmynda sig, eða einhvern atburð öllu heldur. Ljósmyndin er þökkalega gerð, en það sem skiptir máli er frásögnin, sem myndin geymir. Þetta er líkast ljóði, nýtízkulegu ljóði, eða hefur a.m.k. svipuð áhrif. Skiljanlega er mjög erfitt að gera grein fyrir svona myndum, því þær einar eru færar um að tjá það sem þær eiga að gera, annars væri Sigurður og aðrir slíkir einfaldlega rithöfundar, en ekki myndlistarmenn.


Myndmál, eða myndlestur er þó miklu útbreiddara á Íslandi og í öðrum löndum, sem nota latinulettur, en okkur grunar. Við förum á klósett, sem aukkennd eru mynd (lettri), af karli — eða konu. Umferðarmarkin eru velflest myndletur, hvort það eru nú heldur örvar til hægri eða vinstri, beygjur, menn við vinnu eða skóli, sem er í nánd. Vafalaust má segja þetta eins vel í orðum, en þá í löngu máli. Myndir og myndletur kemst oft vel að orði, betur en unnt er í rituðu máli.

Þannig er myndmál Sigurðar Guðmundssonar, segir einfalda hluti á nýjan og áhugaverðan hátt.

Ég hefi einhvers staðar lesið, að sögur séu miklu skemmtilegri ef þær eru lesnar á kinnversku, eða á myndlettri, en þær sem skrúðar eru á latneskt letur. Þetta kann að vera rétt. Víst er um það, að það væri dauf lesning og dapurleg að fá þessa sýningu t.d. í bók, en sem myndefni kemur hún mjög vel út.

Sú venja er inngroin hér og í öðrum nálægum löndum austan hafsins, að við verðum að skilja alla skapaða hluti, til þess að geta tileinkað okkur þá. Við búum við skólakerfi hins svonefnda lögmáls, sem er dapurlegasti fylgifiskur allra lærdóma. Helzt af öllu ættu aðeins rafvirkjar að tala í síma, því síminn er rafmagnstæki. Það ættu ekki aðrir en ljósmyndarar að taka myndir og myndlistarmenn eiga að mála, helst öllumálverk upp á vegg handa þeim sem komizt hafa áfram í heiminum.

Út frá þessu sjónarmiði, var sýning Sigurðar ekkert sérlega merkileg. Myndirnar voru ekkert sérstakar. En ef maður reynir að losa um fjötra rótgróinnar stéttaskiptingar í faglegum efnun, þá verður sýningin hin athyglisverðasta. Hann segir okkur ýmislegt, sem ósagt var áður, afhjúpar vissan tilbúning, því stór hluti af skilgreiningu okkar á umhverfi og tilveru er tilbúningurinn einn.



Þorbjörg Höskuldsdóttir og Haukur Dór við myndir sínar.

SYRPA UM SÝNINGAR

Þorbjörg Höskuldsdóttir

Þorbjörg Höskuldsdóttir sýndi ásamt Hauki Dór að Kjarvalsstöðum um páskana. Þorbjörg sýndi nokkur stór og smá öllumálverk, en auk þess skissur, eða undirbúningverk að raunverulegum málverkum.

Þorbjörg hefur nefnilega tamið sér þau vinnubrögð að líma upp og gera tillögur að myndverkum, sem hún síðar malar í öllu. Hún hefur ekki fundið þessa aðferð upp, heldur notar hana, og það var verulega vel til fundið, því skissurnar voru með því skemmtilegasta, sem hún sýndi. Hún þarf ekkert að mögast út af þessu, því þetta hefur oft komið fyrir. T.d. finnst mér skissur Jóhannesar Geirs oft á tíðum með því bezta sem hann gerir. Menn eru þá gjarnan frjalsari — og opnari, en þeir eru þegar þeir gera „alvarlegri“ verk.

Þá var Þorbjörg með nokkrar teikningar, sem eru hreinasta afbragð. Sýning hennar markar ekki nein tímamót í list hennar sjálfar, segir okkur aðeins, að enn sé gengið með vindinn í fangið upp hliðina, og er það vel.

Haukur Dór

Haukur Dór sýndi í Vestursal, ásamt Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Þetta voru einkasýningar, aðeins haldnar á sama tíma, á sama stað.

Haukur Dór á að baki dálítið óvenjulegan feril. Er fjölmenntaður leirmunasmíður og hönnuður og þekktur sem slíkur. Hann er tiltölulega nýr sem myndlistarmaður, en ekki mjög frumlegur. Hann fer sömu slóð og þeir sem áhrifagjarnastir eru í röðum yngri málara í dag. Reynir ekki að brjóta nýja leið.

Myndir hans voru fáar og stórar. Liturinn á þeim er stundum dálítið súr og stúrinn.


Bezta tekst honum með svart og hvítt. Það sáum við einnig á samsýningu FIM, þeirri síðustu sem haldin var. Haukur Dór greip til þess ráðs að færa öllumálverk sín undir gler og er það

til mikillar hjálpar, nema hvað myndirnar verða auðvitað afskaplega þungar. Þungar eins og pianó, og það er erfitt að hengja pianó upp á vegg.

Hiit er svo annað mál, að



Guðrún Svava Svavarsdóttir við eina myndina á sýningunni.



Halldór Laxness

Haukur Dór hefur bersýnilega hæfileika til þess að mála, og verður fróðlegt að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir hann. Næst viljum við fá hann sjálfan.

Guðrún Svava Svavarsdóttir

Guðrún Svava Svavarsdóttir sýndi í Gallerí Súm á undan Sigurði Guðmundssyni. Hún hefur stundað myndlistarnám og teikningu lengi, en þetta er þó hennar fyrsta einkasýning, ef ég man rétt.

Guðrún Svava hefur lýst bækur, og eitt og annað hefur orðið á vegi manns, sem orðaði hana við góða myndlist. Þar með taldar sýningar, sem haldnar eru á vorin í Myndlistarskólunum.

Myndir Guðrúnar Svövu eru nú mun betri en áður. Þó þyrfti hún að losa sig við áhrif frá þeim Tryggva Ólafssyni og Hring Jóhannessyni, en það ætti að vera auðvelt. Finna sína eigin leið.

Guðrún Svava hefur náð góðri tækni í meðferð öllulita og getur því orðið líftækur málari. Margar mynda hennar voru verulega skemmtilegar, t.d. af eiginmanninum, Þorsteini frá Hamri, og af konu, sem líka kemur af hinum ofan.

Þetta var áhugaverð og vönduð sýning.

Halldór Laxness og Asger Jorn

16. apríl var opnuð í Norræna húsinu sýningin „Samspil orðs og myndar“, sem er sýnishorn úr einhverri dýrustu bók sem út hefur komið, eftir að Gutenberg fann upp prentið: Die Geschichte vom teurem Brot, en hana skrifaði Halldór Laxness á stein úti í Sviss og danski myndlistarmaðurinn Asger Jorn myndskreytti, en hann er einhver frægasti myndlistarmaður Dana í seinni tíð. Asger Jorn er nú látinn fyrir nokkru. Hann tilheyrði á sinni tíð vissum óaldarflokki í myndlist í Danmörku, ásamt Svavari Guðnasyni og nokkrum öðrum. Þeir innleiddu abstraktlist í Danmörku á fjórða áratugnum.

Asger Jorn lifði við sult og seyru framan af, en smám saman lærðu menn að meta list hans, og þegar hann lézt, var hann frægasti málari Dana.

Bók þeirra Halldórs Laxness og Asger Jorn geymir handskrifabán texta Halldórs og lýsingu Asger Jorn, eða litografíur hans. Textinn er einnig unninn litografískt, var skrifaður á stein af höfundi. Síðan var prentað lítið upplag handa peningafólki, og man ég ekki lengur hvað hvert eintak kostaði. Laxness fékk eitt eintak af bókinni og er það sýningin. Einnig voru sýndir textar og lýsing nokkurra annarra þekktara rithöfunda og myndlistarmanna, sem haft höfðu slíka samvinnu um bók.

Þessir menn voru frá Evrópu og Ameríku.

Þetta var mjög áhugaverð sýning og merkileg, því svo mikið er víst, að fæstir munu aftur fá að sjá þessa dýru bók.

Norræna húsið gerði snjalla breytingu á myndlistarsalnum vegna þessarar sýningar, hólfði af hæfilegt rými fyrir sýninguna. Þetta var vel til fundið. Svona sýningar þurfa sérstakt húsnæði. Forstofa eða fundarherbergi hússins hefði ekki hentað að þessu sinni, að ekki sé nú talað um bókasafnið, og heill salur hefði gleypst sýninguna með húð og hári.

Um hina listrænu hlið skal ekki mikið fjallað hér. Þó má staðfesta það, að skrift Halldórs Laxness og myndmál Asger Jorn fara vel saman. Halldór Laxness skrifaði illa í rithandfræðilegum skilningi og mætti án efa fá afgreidd meðöl út á sumt og Asger Jorn er subba, því oft er það líkast því, að óviti hafi komizt í handritið með blek. Samt er yfir þessu öllu einhver heillandi blær af snilli og stuði, sem gerir þessa bók einstæða fyrir fleira en verðið og sölu-skattinn.

Jónas Guðmundsson



fólk í listum